

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Hagasmára 1 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 23. nóvember 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hagasmára 1 - Smáralind, ásamt umsögn bæjaryfirvalda um framkomna athugasemd.

Í tillögunni felst breytt ytra form fyrirhugaðrar verslunar- og þjónustumiðstöðvar, grunnflötur hefur stækkað, aðallega neðanjarðar, byggingin verður tvær hæðir en þrjár hæðir til beggja enda. Fyrirkomulag bílastæða breytist, aksturs- og göngutengingar færast til og bílastæðum er fjölgað. Gert er ráð fyrir bensínsölu (sjálfsala) í suðvesturhorni lóðarinnar.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 27. ágúst til 4. október 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 7. desember 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um breyting á reglum um Gunnarsstofnun, Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri, nr. 702/1997 með síðari breytingum.

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. orðast svo:

Gunnarsstofnun lýtur stjórn fimm manna sem menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn.

Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Safnastofnun Austurlands, annar af Atvinnu-þróunarfélagi Austurlands. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skipar ráðherra einn þeirra formann stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku þessarar reglubreytingar skal fjölgað um tvo menn í stjórn, sbr. 1. gr., og skal skipunartímabil nýrra stjórnarmanna vera hið sama og þeirra sem fyrir eru í stjórninni, þ.e. til 31. maí 2002.

Menntamálaráðuneytinu, 2. desember 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.